

6. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 12. september 2018 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Ágústa Guðmundsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Fulltrúar E-lista gera athugasemdir við að fundarboð hafi ekki verið birt á heimasíðu hreppsins með tveggja daga fyrirvara eins og samþykktir gera ráð fyrir. Fulltrúar E-lista óskuðu eftir því að dagskrárliður 9.7 verði gerður að sér dagskrárlið nr. 9. Aðrir dagskrárliðir færast til sem því nemur. Samþykkt samhljóða. Gengið var til dagskrár fundar.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. 160. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-82. fundur.

Mál nr. 1; Hellir L165289: aðkoma og vegstæði: Aðalskipulagsbreyting – 1807007.

Lögð fram umsókn dags. 21. júní 2018 frá hluta eigenda jarðarinnar Hellis L1652889 í Ásahreppi um að formlegt vegstæði að landinu verði staðfest í upptöku á nýju aðalskipulagi Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að erindinu verði vísað til starfshóps um endurupptöku á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 og þeim falið að vinna áfram með erindið.

Mál nr. 2; Laufás L201664: Aukið byggingarmagn: Deiliskipulag – 1805044.

Deiliskipulagið tekur til Laufáss í Ásahreppi landnr. 201664, byggingarreits fyrir allt að 150m² hesthúsi. Í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi við Landvegamót, um Ásveg (nr.275) og Laufásveg (nr.2756).

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Ágústa vikur af fundi undir þessum dagskrárlið.

Hreppsnefnd samþykkir auk þess að vinna að uppfærslu á umræddu deiliskipulagi sem Laufás er hluti af, þar sem vegna formgalla hjá Ásahreppi þá var umrætt deiliskipulag aldrei auglýst í B-deild Stjórnartíðinda árið 2005. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við að láta vinna að uppfærslu á umræddu deiliskipulagi, í samráði við hlutaðeigendur. Einnig er sveitarstjóra falið að ræða við eigendur Laufáss vegna þeirra óþæginda sem þeir hafa orðið fyrir vegna þess að deiliskipulagið hafði ekki verið auglýst í B-deild.

Mál nr. 3; Jarðstrengslögn í Ásahreppi: Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi:

Aðalskipulagsbreyting – 1805012.

Lögð fram tillaga Eflu verkfræðistofu að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps.

Breyting felur í sér að sett er inn allt að 3 ha iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir 66kV jarðstreng í stað hennar. Lagnaleið innan Ásahrepps er um 10 km löng.

AG
EG
BW

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að lýsingin verði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga. nr. 123/2010.

Mál nr. 4; Lækjartún: Ásahreppur: Tengivirki vegna jarðstrengs: Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi: Deiliskipulag – 1805013.

Lögð er fram lýsing deiliskipulags unnin af Eflu verkfræðistofu vegna fyrirhugaðs tengivirkis í Landi Lækjartúns í Ásahreppi. Fyrirhuguð er bygging tengivirkishúss, norðan Suðurlandsvegar. Afmörkuð verður lóð fyrir tengivirkið og settir byggingarskilmálar fyrir það. Aðkoma að tengivirkinu verður af Suðurlandsvegi, austan Kálfholtssvegar (nr. 288) og um nýjan aðkomuveg. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga auk þess sem hún verði send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 82 – 1806004F, Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. júní 2018 lagðar fram til kynningar.

Mál nr. 33; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 83 – 1807001F. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júlí 2018 lagðar fram til kynningar.

1.2. 161. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18–83. fundur. Engin mál fyrir Ásahrepp lágu fyrir fundinum.

1.3. Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar, dags. 16. ágúst 2018. Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 1. fundur stjórnar Húsakynna bs. dags. 22. ágúst 2018.
- 2.2. 58. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
- 2.3. Fundur oddvitanevndar UTU, dags. 10. ágúst 2018.
- 2.4. 189. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.5. 267. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.6. 535. fundur stjórnar SASS.
- 2.7. 268. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, ásamt fylgiskjölum.
- 2.8. 1. fundur stjórnar Odda bs. dags. 21. ágúst 2018.
- 2.9. 862. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélga.

3. Ákvörðun um laun oddvita Ásahrepps og breyting á samþykkt um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndarlaun, skv. fyrri samþykkt hreppsnefndar.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Þóknun oddvita sem hreppsnefndarmaður, skv. 25. gr. „Samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps“ verði innifalin í mánaðarlegum launagreiðslum til oddvita eins og oddviti kynnti í bréfi til sveitunga. Heildargreiðslur fyrir störf oddvita í hreppsnefnd og fyrir önnur störf oddvita í þágu Ásahrepps mun nema sem svarar til 45% af grunnlaunum sveitarstjóra. Þar sem árlegur uppreikningur á þóknun til hreppsnefndarmanna og launakjörum oddvita og sveitarstjóra hafa verið samræmdar þá felast engin vandamál í þessari framsetningu. Rétt er að undirstrika að skv. samþykkt hreppsnefndar, á fimmta fundi sínum, er búið að aftengja þingfararkaup við nefndarþóknunir og laun oddvita. Mánaðarleg laun oddvita umfram hreppsnefndarþóknun, sem er skv. 1. mgr. 3. gr. samþykkt um kjör fulltrúa í Ásahreppi

og greiðslur fyrir nefndarstörf kr. 88.096 á mánuði, er kr. 496.904 á mánuði. Þessi tillaga er ætlað að setta hin mismunandi sjónarmið sem hafa verið uppi meðal fulltrúa listanna í hreppsnefnd. Hækkun á launakostnaði oddvita og sveitarstjóra frá lokum síðasta kjörtímabils er því sem nemur kr. 12.866 á mánuði, skv. þessari tillögu.

Fulltrúar E-lista báru fram breytingartillögu:

Í 25. gr. kemur fram að hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Að grunnlaun oddvita, kjörins fulltrúa, hækki í krónur 496.904 úr krónum 363.394, án þess að taka fyrst fyrir samþykktir um kjör nefndarmanna í Ásahreppi er með ólíkindum. Auk þess er ekki nokkur breyting á hlutverki oddvitans og teljum við fulltrúar E- lista þetta vera forkastanleg vinnubrögð og ekki síður lélegt siðferði og ótrúlegt að það skuli vera löglegt í siðmenntuðu þjóðfélagi. Nóg hefur tæp 45 % hækkun kjararáðs á þingfararkaupi 31. október 2016 verið umdeild þá neitar minnihlutinn (fulltrúar E-listans) að trúa því að meirihlutinn (fulltrúar L-listans) ætli að halda því til streitu að innleiða slíkar hækkanir.

Á fundi sem Sambands íslenskra sveitarfélaga hélt og fjórir af fimm kjörnum fulltrúum sóttu var það tekið skýrt fram að hreppsnefnd, þar með talinn oddviti ættu ekki að skipta sér af daglegum rekstri sveitarfélagsins, til þess væri sveitarstjóri og starfsmenn sveitarfélagsins (Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Á. Snævarr og Inga Rún Ólafsdóttir. 2018, bls. 9). Þess í stað er það hreppsnefndar í heild sinni að sjá til þess að til séu stefnumótun og aðgerðaráætlanir fyrir hreppinn. Skapa ramma sem sveitarstjóri og starfsmenn starfa eftir (Anna Guðrún Björnsdóttir o.fl., 2018, bls.9). Hreppsnefndin sinnir síðan stjórnunar- og eftirlitshlutverk með starfsemi og rekstri sveitarfélagsins. Fulltrúar E- lista kalla eftir upplýsingum um fjárhagsleg áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til. Hvað kostar þetta? Rúmast þetta innan fjárhagsáætlunar, innan hvaða liðar fellur þetta? (Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Á. Snævarr og Inga Rún Ólafsdóttir. (2018) *Að vera í sveitarstjórn: Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn*. Reykjavík: . Samband íslenskra sveitarfélaga.)

Tillaga fulltrúa E-lista er að oddviti fái áfram sem nemur 33% af þingfararkaupi sem í krónum talið er kr. 363.394.

Tillaga fulltrúa E-lista var borin upp og felld með þremur atkvæðum á móti (ÁBÓ, GG, BJJ) en tvö atkvæði samþykktu (EG, ÁG).

Þá var borin upp tillaga oddvita og var hún samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, GG, BJJ) og tvö atkvæði á móti (EG, ÁG).

Í ljósi breytinga sem samþykktar hafa verið í hreppsnefnd Ásahrepps, er lítur að kjörum fulltrúa í Ásahreppi, er lögð fram tillaga að breytingum á „Samþykkt um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndarlaun“. Í framlögðu skjali koma fram áorðnar breytingar og tillaga að orðalagi einstakra greina sem samþykktar hafa verið breytingar á.

Framlögð tillaga að breytingu á orðalagi samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, GG, BJJ) og tveir sitja hjá (EG, ÁG) og sveitarstjóra falið að birta þær á heimasíðu sveitarfélagsins.

4. Tilboð:

4.1. Tilboð Dattaca Labs ehf. vegna ráðgjafavinnu við innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum nr. 90/2018 (þrep 1).

Lagt fram tilboð Dattaca Labs ehf vegna þjónustusamnings við forvinnu og greiningu vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ÁG", "EG", and "BJJ".

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Dattaca Labs ehf. vegna þessa fyrsta þreps, þ.e. við greiningu á stöðu mála hjá Ásahreppi. Sveitarstjóra falið að undirrita samning þar að lútandi fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að sveitarstjóri í samvinnu við KPMG útfæri viðauka við fjárhagsáætlun 2018 til samræmis við þessa ákvörðun og skili henni inn til ráðuneytis í samræmi við sveitarstjórnarlög.

- 4.2. Tilboð Dattaca Labs ehf. við úrvinnslu gagna, aðstoð við gerð persónuverndarstefnu m.m. (þrep 2).

Lagt fram tilboð Dattaca Labs ehf. vegna úrvinnslu gagna, aðstoð við gerð persónuverndarstefnu m.m.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Dattaca Labs vegna þessa annars þreps, þ.e. úrvinnslu gagna úr greiningarvinnu, gerð persónuverndarstefnu og verklagsreglna.

Sveitarstjóra falið að undirrita samning þar að lútandi fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að sveitarstjóri í samvinnu við KPMG útfæri viðauka við fjárhagsáætlun 2018 til samræmis við þessa ákvörðun og skili henni inn til ráðuneytis í samræmi við sveitarstjórnarlög.

- 4.3. Tilboð OneSystems vegna mála- og skjalakerfis, svo og fyrir tvær mismunandi útfærslur á fundargerðakerfi.

Sveitarstjóri lagði fram tilboð OneSystems vegna annars vegar mála- og skjalakerfi og hins vegar tvær útfærslur af fundargerðakerfi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við OneSystems vegna mála- og skjalakerfis með fjórum atkvæðum (EG sat hjá).

Ekki verður á þessum tímapunkti tekið upp OneMeeting kerfið. Sveitarstjóra falið að undirrita samning þar að lútandi fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að sveitarstjóri í samvinnu við KPMG útfæri viðauka við fjárhagsáætlun 2018 til samræmis við þessa ákvörðun og skili henni inn til ráðuneytis í samræmi við sveitarstjórnarlög.

- 4.4. Tilboð í skráningu á Íslensk fyrirtæki og finna.is; tölvuskeyti dags. 27. ágúst 2018.

Lagt fram tilboð í skráningu á Íslensk fyrirtæki og finna.is. Einnig lagt fram sýnishorn af skráningarsíðu annars sveitarfélags inn á finna.is.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hafna tilboðinu.

5. Kaup Ásahrepps á einni íbúð í Giljatanga, Laugalandi; ákvörðun um útfærslu á kaupum skv. samþykkt frá 58. fundi hreppsnefndar, dagskrárlið 8.

Fyrir liggur samþykkt frá 58. fundi hreppsnefndar Ásahrepps um kaup á einni íbúð í Giljatanga, Laugalandi, af Húsakynnum bs., þá sem er næst Laugalandsskóla. Ekki var tekin ákvörðun á þeim fundi um fjármögnun kaupanna og ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum á fjárhagsáætlun 2018. Því þarf að ákveða hvort yfirtaka skuli áhvílandi skuldir á eigninni eða greiða upp kaupverðið og þá létta veðböndum af henni. Einnig þarf að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2018 sem samsvarar þessum eignakaupum og með hvaða hætti þau fara fram.

AG
EG
EW

Lagt var fram minnisblað KPMG til Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 23. desember 2017 um Húsakynni bs. Einnig var lögð fram matsgerð fyrir húsin í Giljatanga, sem unnin var af Fannberg fasteignasölu í febrúar 2018. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að yfirtaka áhvílandi skuldir á þessari einu íbúð og greiða upp mismun á kaupverði og áhvílandi skuldum. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að sveitarstjóri í samvinnu við KPMG útfæri viðauka við fjárhagsáætlun 2018 til samræmis við þessa ákvörðun og skili henni inn til ráðuneytis í samræmi við sveitarstjórnarlög.

6. Landskipti Leirubakka, Rangárþingi ytra; landamerki við Réttanes þarfnast staðfestingar.

Lögð fram landskiptagjörð ásamt hnitsettum uppdrætti um landskipti á jörðinni Leirubakka í Rangárþingi ytra. Umrædd landspilda sem verið er að skipta út úr jörðinni liggur að Réttarnesi sem er að hluta til í eigu Ásahrepps. Allir eigendur Réttaness verða að samþykkja landamerki eins og þau eru sýnd á uppdrætti.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar þessu erindi til skipulagsfulltrúa og óskar eftir að farið verði yfir hvort umrædd landamerki séu rétt. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir umrædd landamerki fyrir sitt leyti með fyrirvara um að fyrir liggi samþykki skipulagsfulltrúa þess efnis að umrædd landamerki séu rétt.

7. Garnaveikibólusetning.

Umræða varð í hreppsnefnd um framkvæmd og greiðslu kostnaðar vegna garnaveikibólusetningu sauðfjár í hreppnum. Lögð var fram reglugerð um garnaveiki og varnir gegn henni. Ásahreppur greiddi styrki vegna kostnaðar við garnaveikibólusetningu allt þar til samþykkt þar að lútandi var gerð þann 9. desember 2015, 26. fundur hreppsnefndar. Forsendur þess að hætt var að greiða styrk á móti kostnaði við garnaveikibólusetningu sauðfjár var lækkun á útsvarshlutfalli og lækkun álagningarhlutfalls á A-stofn fasteignaskatts. Til að mæta tekjuskerðingu á þeim tíma við lækkun á fyrrgreindum álagningaprósentum var hætt að greiða styrki s.s. á móti C-stofni fasteignaskatts, deiliskipulagskostnaði og styrki til bólusetningar sauðfjár.

Bókun: Fulltrúar E-lista óskuðu eftir að BJJ víki fund undir þessum lið, oddviti tók ekki afstöðu til málsins. Við teljum að jafnræði sé brotið ef hygla eigi einni atvinnugrein fram yfir aðra í hreppnum og óska eftir upplýsingum um áætlaðan kostnað og á hvaða marga bæi og hvernig meirihlutinn (fulltrúar L-listans) ætli að standa að slíkri framkvæmd (eða verklagsreglur um greiðslur).

Jafnframt bendir minnihlutinn á (fulltrúar E-listans) að nú þegar er sveitarfélagið að styðja myndarlega við sauðfjorbændur og greiddi t.d. 918.198 krónur árið 2017 með leitum auk þess að veita 100% afslátt á innheimtu á lömbum sem fara á fjall.

BJJ lætur bóka að hún telji sig ekki vanhæfa á þessu stigi málsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að vísa þessu máli til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2019-2022 með þremur atkvæðum (ÁBÓ, GG, BJJ) og tveir á móti (EG, ÁG).

8. Ítrekanir frá E-lista vegna dagskrárliða á 2. fundi hreppsnefndar Ásahrepps.

8.1. Dagskrárliður 3.2; stofnun fræðslunefndar og endurskoðun samþykktar Odda bs. Vísað er til dagskrárliðar 3.2. á 2. fundi hreppsnefndar Ásahrepps. Eins og fram kemur í fundargerð sem lögð var fram á þessum fundi, undir dagskrárlið 2.8, þá

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "A.G.", "EG", and "BJJ".

liggur fyrir að endurskoðun samþykktu fyrir byggðasamlagið skuli eiga sér stað fyrir árslok 2018 og til stendur að fara í þá vinnu.

Fulltrúar E-lista ítreka ósk sína að stofnuð verði fræðslunefnd í samræmi við 8. gr. samþykktu um Odda bs. og óska einnig eftir að fá að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum Odda bs. fram að endurskoðun samþykktu.

- 8.2. Dagskrárliður 4.3; breytingar á samþykktum Ásahrepps.
Vísað er til dagskrárliðar 4.3 á 2. fundi hreppsnefndar Ásahrepps. Sveitarstjóri sýndi vinnuskjal sem er í vinnslu, er varðar endurskoðun og breyting á samþykktum Ásahrepps. Sveitarstjóri hvetur alla fulltrúa í hreppsnefnd Ásahrepps að koma til sín hugmyndum eða ábendingum er varðar þá þætti samþykktarinnar sem þarf endurskoðunar við og óskar eftir viðbrögðum fyrir lok þessa mánaðar. Ljóst er að sum atriði þarf að vinna á samstarfsvettvangi sveitarfélaga og tekur því einhvern tíma. Sveitarstjóri stefnir að því að fyrstu drög verði kynnt á fundi hreppsnefndar í október.

Bókun: Fulltrúar E-lista sendu ítrekun á lið 4.3 frá 2. fundi hreppsnefndar fyrir þennan fund og spurðu hvaða vinna væri komin í gang í sambandi við breytingar á samþykktum Ásahrepps. Furðum við okkur á því að ekki hafi verið haldinn vinnufundur vegna málsins. Þörf sé að breyta samþykktum þá aðallega samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps vegna breytts landslags, meiri- og minnihluta, vegna nefnda. Sveitarstjóri reifaði hvað hann væri búinn að fara yfir. Vekur það undrun að hreppsnefndarmaður, BJJ, telur ekki þörf á að minnihluti fái fulltrúa í samstarfsverkefnum sveitarfélaganna.

Bókun: Fulltrúar L-lista hafna alfarið rangtúlkun E-lista á orðum BJJ.

Bókun fulltrúa E-lista. Upplifun okkar var sú að BJJ virtist hafna því að minnihluti fengi inn fulltrúa og finnst okkur miður ef við höfum getað rangtúlkað það.

- 8.3. Dagskrárliður 5.4; endurskoðun samninga Ásahrepps og Rangárþings ytra.
Fulltrúar E-lista ítreka ósk sína að kölluð verði saman samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra til að hefja endurskoðun á samningum hreppanna vegna breyttrar stjórnsýslu um að tryggja meiri- og minnihluta beggja sveitarfélaganna fulltrúa í stjórn.
- 8.4. Dagskrárliður 6.5; áburðardreifing á Holtamannafrétti.
Ísleifur Jónasson sat fundinn undir þessum dagskrárlið.
Fulltrúar E-lista óska eftir upplýsingum um hver staðan er á áburðardreifingu á Holtamannafrétti. Ísleifur kynnti framkvæmd áburðardreifingar á Holtamannafrétti.
Oddviti greindi frá að þrír verktakar hefðu tekið verkið að sér, með sama hætti og síðasta ár.

Bókun E- lista:

Ef liður 6.5 frá öðrum fundi er skoðaður þá lögðu fulltrúar E- lista til að farið yrði í útboð eða gerð verðkönnunar vegna endurnýjunar á samningi við Landsvirkjun varðandi samkomulag um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns 2017-

2021. Bókuðu fulltrúar E-listans og bentu á að fela þurfi ákveðnum aðila að dreifa áburði um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns sbr. 8. gr. um keðjuábyrgð og fleira í samningi frá 23.11.2017. Einnig bentu fulltrúar E-lista á að samkvæmt reglum um innkaup Ásahrepps, 10. gr., þyrfti að gera formlega fyrirspurn um verð – önnur kjör og eiginleika sbr. 17. gr. um verðfyrirspurn, t.d. við verklegar framkvæmdir þegar kostnaður er á bilinu 1.000.000 til 15.000.000 króna. Málinu var frestað til næsta fundar og þess vegna fara fulltrúar E-lista fram á að vita hvernig staðið var að formlegri fyrirspurn, hverjir sýndu verkinu áhuga, hverjum hefði verið falið að dreifa áburði og upplýsingum um sundurliðaðan kostnað.

Fulltrúar L-lista upplýsa að þeir hafi litið svo á að búið hafi verið að ganga frá málunum gagnvart áburðardreifingu á þessu sumri af hreppsnefnd síðasta kjörtímabils samkvæmt upplýsingum frá formanni fjallskiladeildar Holtamannaafrettar. Sömu aðilar sáu um áburðardreifingu sumarið 2017. Sveitarstjóri mun leggja fram yfirlit yfir kostnað verkefnisins á næsta fundi hreppsnefndar.

9. Erindi fulltrúa E-lista vegna bréfs oddvita til hreppsbúa.

Bókun E-lista:

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér þóknun sem honum eru ákveðnar á grundvelli 32. gr. sveitarstjórnarlaga og líta fulltrúar E-lista það alvarlegum augum þegar oddviti Ásahrepps boðar í almennu dreifibréfi til hreppsbúa bæði brot á sveitarstjórnarlögum og samþykktum Ásahrepps. Þegar breyta á samþykktum telja fulltrúar E-lista hyggilegt að ræða það innan hreppsnefndar áður en dreifibréf er sent um málið til íbúa. Munu fulltrúar E-lista íhuga kærnu á hendur oddvita vegna þess framferðis. Í bréfinu telur oddviti upp þau verk sem hún hefur komið að en fulltrúar minnihlutans telja þessa upptalningu vera í verkahring sveitarstjóra og óska því eftir upplýsingum um hvað sé í verkahring sveitarstjóra. Jafnframt bendir minnihlutinn á að Versalir eru á vegum veiðifélags Holtamannaafrettar en ekki Ásahrepps.

10. Innsend bréf og erindi:

10.1. Tölvuskeyti Kvenfélagsins Framtíðarinnar, dags. 26. ágúst 2018; greiðsla fyrir umsjón með 17. júní hátíðarhöldum fyrir árin 2017 og 2018.

Lagt fram tölvuskeyti Kvenfélagsins Framtíðarinnar þar sem óskað er eftir að kostnaður við umsjón með 17. júní hátíðarhöldum fyrir árin 2017 og 2018 verði greidd í samræmi við fyrri ár.

Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti, vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að greiða Kvenfélaginu Framtíðinni kr.

50.000 fyrir hvort ár eða sem nemur kr. 100.000 sem færast á bókhaldslykil 0572 9991, en rými er innan hans fyrir umræddum kostnaði.

10.2. Tölvuskeyti Helgu L. Pálsdóttur, f.h. Félagsþjónustunnar dags. 7. ágúst 2018; skipun í þjónustuhóp aldraðra og öldungaráð skv. nýjum lögum.

Lagt fram tölvuskeyti Helgu L. Pálsdóttur f.h. Félagsþjónustunnar þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna skipunar í þjónustuhóp aldraðra og öldungaráð.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að skipun í þjónustuhóp aldraðra hefur verið á

forræði Héraðsnefndar Rangæinga. Á síðasta fundi Héraðsnefndar var skipun umrædds fulltrúa frestað. Jafnframt þarf að gera breytingu á samþykktum

Ásahrepps í takt við breytt lög og mun það verða gert í haust við endurskoðun

samþykktarinnar. Jafnframt beinir hreppsnefnd því til Héraðsnefndar að huga að formbreytingum í samþykktum sveitarfélaganna til innbyrðis samræmingar og að hugað verði að skipun fulltrúa í öldungaráð.

- 10.3. Tölvuskeyti Bandalags íslenskra skáta, dags. 30. ágúst 2018; styrkbeiðni í formi auglýsingar.

Lagt fram tölvuskeyti Bandalags íslenskra skáta þar sem óskað er eftir fjárstyrk í formi auglýsingar í Skátablaðinu. Erindinu hafnað.

- 10.4. Tölvuskeyti Bjarna Guðmundssonar f.h. SASS, dags. 20. ágúst 2018; undirbúningur fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lagt fram tölvuskeyti Bjarna Guðmundssonar þar sem óskað er eftir áhersluatriðum frá sunnlenskum sveitarfélögum vegna landsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þessi beiðni er gerð til samræmingar og að sunnlensk sveitarfélög komi vel undirbúin til landsþings.

Almenn umræða varð í hreppsnefnd Ásahrepps um áhersluatriði. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna minnisblað sem sent verður til hreppsnefndar Ásahrepps til yfirferðar og samþykktar áður en því verði skilað inn til SASS sem áhersluatriðum Ásahrepps. Óskað er eftir að upplýsingum verði skilað inn til SASS í síðasta lagi 14. september n.k.

- 10.5. Tölvuskeyti SÍBS, dags. 4. september 2018; styrkbeiðni í formi auglýsingar.

Lagt fram tölvuskeyti SÍBS þar sem óskað er eftir fjárstyrk í formi auglýsingar. Erindinu hafnað.

- 10.6. Tölvuskeyti SASS, dags. 31. ágúst 2018; verkefnið Umhverfis Suðurland.

Lagt fram tölvuskeyti þeirra Guðrúnar Á. Sturlaugsdóttur og Gunnar Jónsdóttur um verkefni septembermánaðar í Umhverfis Suðurland.

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur í samstarfi við Sorpstöð Rangæinga gáma til að taka við plasti á móttökusvæðinu sunnan Landvegamáta. Einnig er sérstök söfnun plasts meðal heimila og fyrirtækja í hreppnum.

Hvatt verður til þátttöku almennings og fyrirtækja um átak í verkefninu plastlaus september.

11. Bréf og erindi til kynningar:

- 11.1. Tölvuskeyti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, dags. 8. ágúst 2018; íþróttavika Evrópu.

- 11.2. Tölvuskeyti Veitna dags. 24. ágúst 2018; Rangárveita, staða.

- 11.3. Verkefnið Göngum í skólann.

- 11.4. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 22. ágúst 2018; skýrsla um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

- 11.5. Tölvuskeyti Skipulagsstofnunar, dags. 27. ágúst 2018; skipulagsdagurinn.

- 11.6. Afrit af bréfi Félags Hópfærðaleyfishafa til ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, dags. 23. ágúst 2018: krafa SASS um rekstrarleyfissviptingu nokkura hópfærðafyrirtækja.

AG
EG
KJ

12. Umræða um fræðsludag Sambands íslenskra sveitarfélaga; Stjórnunar- og eftirlitshlutverk, fjárhagsáætlun, viðauki og vanhæfi nefndarmanna.


Umræða varð um námskeið Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnunum kjörtímabilið 2018 – 2022, sem haldið var 15. ágúst 2018 á Hótel Selfossi. Umræða varð um stjórnunar- og eftirlitshlutverk sveitarstjórna, gerð og gildi fjárhagsáætlana, gerð viðauka við fjárhagsáætlun og vanhæfi nefndarmanna.


Bókun: Fulltrúar E- lista vilja minna á og ítreka nokkur atriði sem fram komu og benda máli sínu til stuðning í handbók frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, „Að vera í sveitarstjórn: Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn“.


- a. Á fræðsludeginum sagði Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitastjórnarmönnum að seta í sveitarstjórn væri sjálfboðastarf. Ekki mætti gleyma sér í einkaerindum. Passa að lofa ekki upp í ermina á sér. Stjórnsýsla eigi að vera opin og gagnsæ. Ávallt eigi að gæta jafnræðis.
- b. Hreppsnefnd í heild sinni hefur stjórnunar- og eftirlitshlutverk með starfsemi og rekstri sveitarfélagsins. Stefnumótun og aðgerðaráætlanir eru nauðsynlegur hlutur af starfinu. Rammi sem hreppsnefnd setur en sveitarstjóri og starfsmenn starfa eftir (bls.9).
- c. Hreppsnefnd er æðsta stjórnvald sveitarfélags, sveitarstjóri er æðsti starfsmaður hreppsins, hann er yfirmaður starfsmanna sveitarfélagsins. Hann og starfsmenn sveitarfélagsins sjá um daglegan rekstur sveitarfélagsins (bls. 9).
- d. Fjárhagsáætlun er til 1 árs og er bindandi. Ef vikið er frá áætluninni þarf að útbúa viðauka. Sveitarstjórn þarf að samþykkja viðaukann og síðan þarf að senda hann til ráðuneytis.
- e. Vanhæfi nefndarmanna sjá bls 40. Sveitarstjórnarmaður skal sjálfur vekja athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu. Sveitarstjórn tekur sameiginlega ákvörðun um hvort einstaklingur er vanhæfur eða ei (bls. 37). Oddviti ber ábyrgð á stjórnun fundarins (bls 39). Samkvæmt Aldísi bæjarstjóra í Hveragerði þá getur vanlíðan þegar taka á afstöðu til máls verið vegna mögulegrar vanhæfni og ber þá viðkomandi skylda til að láta vita og ræða það. Ekki er hægt að lýsa sig vanhæfan til að firra sig ábyrgð.


(Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Á. Snævarr og Inga Rún Ólafsdóttir. (2018) *Að vera í sveitarstjórn: Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn*. Reykjavík: . Samband íslenskra sveitarfélaga).


Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Ágústa Guðmarsdóttir


Valtýr Valtýsson